

Siðareglur Knattspyrnufélagsins Vals

Kafli I. Gildissvið og skilgreiningar

1. Gildissvið

Siðareglur þessar taka til allra þeirra einstaklinga sem starfa fyrir Knattspyrnufélagið Val (hér eftir nefnt félagið) á einhvern hátt, hvort sem um ræðir starfsfólk, sjálfboðaliða eða leikmenn.

2. Skilgreiningar:

2.1 *Starfsfólk*: Starfsfólk félagsins eru einstaklingar sem starfa fyrir félagið og þiggja greiðslur fyrir störf sín, hvort sem þau eru launþegar eða verktakar. Starfsfólk geta því verið þjálfarar, sjúkraþjálfarar, húsverðir og starfsfólk skrifstofu svo dæmi séu tekin. Starfsfólk getur verið yngri en 18 ára og teljast í slíkum tilvikum einnig börn.

2.2 *Sjálfboðaliðar*: Sjálfboðaliðar eru einstaklingar sem taka að sér ábyrgðarhlutverk innan félagsins án endurgjalds. Þetta nær til dómara, nefndarfólks, fólks í ráðum, fararstjóra og annarra sem aðstoða við framkvæmd verkefna félagsins. *Stjórnarmanna* er sérstaklega getið í reglum þessum en þeir teljast til sjálfboðaliða. Líkt og starfsfólk geta sjálfboðaliðar verið yngri en 18 ára og teljast þá einnig börn.

2.3 *Leikmenn*: Leikmenn eru 18 ára eða eldri og stunda æfingar og keppni á vegum félagsins, hvort sem þeir þiggja greiðslur fyrir þátttöku sína eða ekki.

2.4 *Iðkandi*: Iðkandi er einstaklingur yngri en 18 ára sem stundar íþróttir á vegum félagsins.

2.5 *Barn*: Barn er einstaklingur yngri en 18 ára sem tekur þátt í starfi félagsins á einhvern hátt, hvort sem hann er iðkandi, starfsmaður eða sjálfboðaliði.

Kafli II. Almennar siðareglur

3. Hæfni til starfa fyrir félagið og aðkoma að starfi

Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu vera hæf til þeirra starfa sem þau taka að sér. Starfsfólk skal skila inn sakarvottorði áður en það hefur störf.

4. Starfsumhverfi

Aldrei skal stefna heilsu eða öryggi starfsfólks, leikmanna og sjálfboðaliða í hættu. Ávallt skal sýna fyllstu aðgát og varkárni í starfi og koma í veg fyrir að starfsfólki og sjálfboðaliðum séu falin verkefni eða þau lendi í aðstæðum sem þau ráða ekki við.

5. Velferð og öryggi barna og iðkenda

Allt starf með börnum og iðkendum skal byggja á velferð þeirra og ætíð skal haft að leiðarljósi sem þeim er fyrir bestu. Leggja skal áherslu á að skapa heilbrigt, uppbyggjandi, vandað og öruggt umhverfi þar sem börn og ungmenni fá tækifæri til að þroskast, læra og njóta íþróttaiðkunar. Sérstaklega skal gæta að því að setja börn ekki í aðstæður sem þau ráða ekki við, og forðast í hvívetna að stefna heilsu þeirra eða öryggi í hættu. Allt starf skal unnið af alúð, fagmennsku og með velferð barnanna að leiðarljósi.

6. Almenn hegðun og fagmennska

- 6.1 Starfsfólk, leikmenn og sjálfboðaliðar eru fyrirmyndir innan félagsins. Þeim ber að sýna góða hegðun og gott fordæmi í öllu starfi og hafa hagsmuni félagsins, markmið og heiður þess ávallt í huga. Öllu starfi skal sinna af vandvirkni og samviskusemi, með heiðarleika, ábyrgð og fagmennsku að leiðarljósi. Hafa skal í huga að orð og athafnir samrýmist starfi, aðstæðum og hlutverki hvers og eins.
- 6.2 Öll neysla tóbaks, nikótínvara, áfengis eða annarra ávana- og vímuefna er óheimil á þeim tíma sem verið er í starfi fyrir félagið.

7. Jafnrétti og virðing

Leikmenn, starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu koma fram af virðingu gagnvart öllum þeim sem þeir starfa með eða fyrir. Engum skal mismunað innan félagsins á grundvelli þjóðernis, uppruna, kynþáttar, litarháttar, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna, kyntjáningar, holdafars, aldurs, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, fötlunar, efnahags, ættarnis eða stöðu að öðru leyti.

8. Trúnaður

- 8.1 Starfsfólk, leikmenn og sjálfboðaliðar skulu gæta fyllsta trúnaðar og þagmælsku um allt sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu. Þeim er óheimilt að nota slíkar upplýsingar sér til framdráttar eða í þágu eigin hagsmuna.
- 8.2 Þagnarskylda á þó aldrei við þegar grunur vaknar um að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða hvers konar ofbeldi, eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Í slíkum tilvikum skal fylgt ákvæðum IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 um tilkynningarskyldu og hafa samstarf við barnaverndaryfirvöld.

9. Samskipti, einelti og almennt og mörk í samskiptum

- 9.1 Stjórnarfólk, starfsfólk, leikmenn og sjálfboðaliðar skulu leitast við að skapa jákvæða menningu í starfi félagsins þar sem allir njóta virðingar og öryggis. Gæta skal hófs og sanngirni í ummælum um aðra og forðast þátttöku í slúðri eða dreifingu rógs.
- 9.2 Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu vera meðvitaðir um ábyrgð sína og þann aðstöðumun sem staða þeirra skapar þeim, sérstaklega í samskiptum við börn og iðkendur.
- 9.3 Einelti og hvers kyns ofbeldi er aldrei liðið, þar með talið andlegt, líkamlegt, stafrænt og/eða kynferðislegt ofbeldi. Stjórnarfólk, starfsfólk, leikmenn og sjálfboðaliðar sem starfa fyrir félagið skulu eftir fremsta megni koma í veg fyrir og uppræta slíkt hegðunarmynstur.
- 9.4 Starfsfólk, leikmenn og sjálfboðaliðar skulu ekki misnota stöðu sína með neinum hætti gagnvart iðkendum, börnum eða samstarfsfólki, hvorki líkamlega, andlega né kynferðislega.
- 9.5 Hvers kyns kynferðislegt daður, óeðlilegt orðbragð eða samneyti aðila í starfi fyrir félagið gagnvart iðkanda eða barni innan þess er með öllu óheimilt.
- 9.6 Halda skal faglegri fjarlægð utan æfinga og keppni og forðast náíð samband við iðkendur. Sérstaklega skal varast að vera ein/n með iðkenda eða setja sig í aðstæður sem geta valdið misskilningi.
- 9.7 Frumkvæði að samskiptum við börn skal aðeins eiga sér stað í beinum tengslum við þátttöku þeirra í starfi félagsins. Rafræn samskipti við börn og iðkendur skulu aðeins fara fram í í tengslum við starfsemi félagsins og gegnum viðurkenndar samskiptaleiðir, með vitund og þegar við á samþykki forsjáraðila. Þetta á þó ekki við ef viðkomandi starfsmaður, leikmaður eða sjálfboðaliði eru tengdur barni eða iðkanda fjölskylduböndum.

10. Upplýsingagjöf og samskipti við fjölmiðla

- 10.1 Allt starf innan félagsins skal unnið á opinn, upplýstan, gagnsæjan og lýðræðislegan hátt og veita skal faglegar og réttar upplýsingar á öllum stigum.
- 10.2 Hver sá sem á í samskiptum við fjölmiðla skal sýna heiðarleika og gagnsæ vinnubrögð án þess að ljóstra upp trúnaðarupplýsingum. Lögð er áhersla á að veita réttar og eins nákvæmar upplýsingar og unnt er.

11. Hagsmunir, hagsmunaárekstrar og varsla fjármuna

- 11.1 Leikmenn, starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu aldrei misnota aðstöðu sína gagnvart samstarfsaðilum eða þátttakendum með neinum hætti sér til framdráttar eða í eigin hagsmunaskyni. Komi upp aðstæður þar sem hætta er á hagsmunaárekstri skulu viðkomandi aðilar upplýsa um alla hugsanlega persónulega hagsmuni sem geta haft áhrif á störf þeirra. Framkvæmdastjóri metur hvort um hagsmunaárekstur sé að ræða en í tilviki hans er slíkt mat á hendi formanns félagsins.
- 11.2 Við mat á grundvelli reglu 11.1 skal þess sérstaklega gætt að ekki sé setið beggja vegna borðs í málum sem varða hagsmuni félagsins.
- 11.3 Forðast skal að taka að sér verkefni eða störf sem samrýmast ekki skyldum eða hlutverki innan félagsins og geta dregið óhlutdrægni í efa. Ef vafi leikur á skal leita samþykkis framkvæmdastjóra eða stjórnar áður en ákvörðun er tekin.
- 11.4 Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu ávallt fara vel með fjármuni og önnur verðmæti félagsins sem þeim er trúað fyrir eða þeir hafa til umráða vegna starfs síns. Við ráðstöfun þeirra skal hafa hagsmuni félagsins að leiðarljósi. Ekki er heimilt að skuldbinda félagið umfram samþykktir og fjármuni og eigur skal aldrei nota nema í þágu félagsins eða verkefna sem samræmast stefnu þess.
- 11.5 Starfsfólk, leikmenn og sjálfboðaliðar skulu aldrei taka við né þiggja gjafir í krafti stöðu sinnar ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist. Aldrei skal afla styrkja með ólögætum hætti eða með blekkingum.

12. Persónuvernd

Þegar teknar eru ljósmyndir af börnum og ungmönnum sem iðkendum í starfi félagsins skal virða friðhelgi þeirra og rétt til einkalífs. Aldrei skal taka eða birta óviðeigandi myndir af iðkendum. Myndir af iðkendum í starfi, sem teknar eru af starfsfólki og sjálfboðaliðum, skal aldrei nota til einkanota.

Kaflí III. Brot á siðareglum, málsmeðferð og viðurlög.

13. Brot á siðareglum

Ef iðkandi, foreldri, leikmaður, starfsmaður, félagsmaður, sjálfboðaliði eða einhver annar telur að þessar siðareglur hafi verið brotnar getur hann vísað málinu til siðanefndar Vals. Sama á við um þá sem telja að barn í þeirra forsjá hafa orðið fyrir einelti, áreitni eða ofbeldi í íþróttá-eða félagsstarfi innan félagsins.

14. Skipan siðanefndar

- 14.1 Siðanefnd félagsins er skipuð íþróttafulltrúa félagsins á hverjum tíma og tveim fyrrverandi aðalstjórnarmönnum félagsins sem skipaðir skulu af aðalstjórn félagsins. Þeir einstaklingar mega ekki á þeim tíma sem þeir sitja í siðanefnd vera launað starfsfólk félagsins eða sitja í stjórnun þess. Aðalstjórn tilnefnir jafnframt einn varamann í

siðanefnd. Ef ekki reynist unnt að mann nefndina í einstöku máli vegna vanhæfis aðalmanna og/eða varamanna skipar aðalstjórn fulltrúa í siðanefnd ad hoc.

14.2 Siðanefnd er skipuð til tveggja ára í senn.

15. Um málsmeðferð siðanefndar

- 15.1 Siðanefnd hefur það hlutverk að kanna málavexti þeirra mála sem vísað er til nefndarinnar og kalla hlutaðeigandi aðila til fundar við sig. Siðanefnd getur jafnframt kallað eftir gögnum frá stjórnnum Vals sem og starfsfólki félagsins.
- 15.2 Siðanefnd skal við málsmeðferð sína og úrlausn einstakra mála sem varða börn gæta ákvæða barnaverndarlaga. Siðanefnd skal einnig styðjast við viðbragðsáætlun íþrótt- og æskulýðsstarfs við ofbeldi, einelti, slysum og öðru sem gæti komið upp á þegar við á.

16. Niðurstöður siðanefndar

- 16.1 Siðanefnd skal kappkosta þess að útkljá mál á sem skemmstum tíma.
- 16.2 Siðanefnd skal skila skriflegri skýrslu til formanns aðalstjórnar og framkvæmdastjóra félagsins í þeim málum sem tekin eru til meðferðar af nefndinni. Siðanefnd ber jafnframt að skýra hlutaðeigandi aðilum frá niðurstöðu málsins bréflega eða á fundi. Skýrsla siðanefndar er trúnaðarmál. Formaður og framkvæmdastjóri skulu hverju sinni meta hvort upplýsa eigi aðalstjórn um niðurstöðu.
- 16.3 Í skýrslu siðanefndar skal eftirfarandi að lágmarki koma fram:
- 16.3.1 Hvernig kom málið inn á borð siðanefndar
- 16.3.2 Hverjir eru málavextir
- 16.3.3 Hvernig vann siðanefnd með málið
- 16.3.4 Hver er rökstudd niðurstaða siðanefndar
- 16.4 Siðanefnd skal í úrlausn sinni gera tillögu um niðurstöðu máls:
- 16.4.1 Láta málið niður falla
- 16.4.2 Veita skriflega áminningu
- 16.4.3 Vísa málinu til Samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskuliðsstarfs til umfjöllunar.
- 16.4.4 Leggja til við aðalstjórn félagsins tímabundna brottvísun úr starfi
- 16.4.5 Leggja til við aðalstjórn félagsins brottvikningu úr starfi
- 16.4.6 Vísa máli til viðeigandi yfirvalda (lögreglu og/eða barnaverndaryfirvalda).
- 16.5 Niðurstöður siðanefndar eru einungis leiðbeinandi fyrir formann félagsins, framkvæmdastjóra og eftir atvikum aðalstjórn þess. Eru viðkomandi ekki bundin af tillögum siðanefndar við afgreiðslu einstakra mála nema mælt sé fyrir á annan veg í samþykktum félagsins eða lögum

17. Verklagsreglur siðanefndar:

Siðanefnd Vals ber að setja sér verklagsreglur.

Kaflí IV. Almenn ákvæði.

18. Þáttur siðareglna við ráðningu í störf hjá félaginu o.fl.

- 18.1 Þeim sem starfa fyrir félagið, skulu kynntar siðareglur þessar fyrir upphaf starfs og þeir staðfesta með áritun að þeir hafi mótttekið þær og kynnt sér efni þeirra.

18.2 Framkvæmdastjóri félagsins, stjórnir deilda og annað starfsfólk þess skulu kynna siðareglur þessar fyrir starfsfólki, sjálfboðaliðum, iðkendum og leikmönnum félagsins.

19. Gildistaka.

Siðareglur þessar öðluðust gildi með samþykki aðalfundar Knattspyrnufélagsins Vals 21. maí 2025 og féllu þá jafnframt úr gildi eldri siðareglur félagsins.